

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/1999

frá 24. september 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/1999 frá 16. júlí 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB frá 17. febrúar 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir textílvörur⁽²⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/179/EB frá 17. febrúar 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir skófatnað⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 2em (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2en. **399 D 0178:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB frá 17. febrúar 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir textílvörur (Stjtið. EB L 57, 5.3.1999, bls. 21).

2eo. **399 D 0179:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/179/EB frá 17. febrúar 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir skófatnað (Stjtið. EB L 57, 5.3.1999, bls. 31).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 77 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 282.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 57, 5.3.1999, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 57, 5.3.1999, bls. 31.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB og 1999/179/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner